

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Áslands, 4. áfanga, vegna Axlaráss 32-38.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. júlí 2025 breyting á deiliskipulagi Áslands, 4. áfanga, vegna Axlaráss 32-38. Í breytingunni felst að byggingarreitum og lóðum er fækkað úr 5 í 4 einingar. Við þessa breytingu verða byggingarreitir fyrir hverja einingu 13 m á breidd en voru 10,4 m á breidd, dýptin á reitnum mun halda sér samkvæmt skipulagi. Heildarlengd byggingarreits mun haldast óbreyttur eða 52 metrar. Aðrir skilmálar deiliskipulags haldast óbreyttir.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Suðurgötu, Hamarsbrautar og Strandgötu vegna Hamarsbrautar 11.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. júlí 2025 breyting á deiliskipulagi Suðurgötu, Hamarsbrautar og Strandgötu vegna Hamarsbrautar 11. Breytingin felst í stækkun á byggingarreit til austurs um 7 m og stækkun á núverandi kvisti til suðurs og viðbættum kvisti á austurhlið. Samtals stækkun um 26 m².

Málsmeðferð var skv. 2 mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 10. júlí 2025.

F.h. skipulagsdeildar,
Aleksandra Wegrzyniak, þjónustufulltrúi á tæknisviði.

B deild - Útgáfudagur: 24. júlí 2025